



Moodle, fyrstu leiðbeiningar fyrir nemendur:

Kennslukerfið okkar er hýst í Moodle og lítum við á það sem skóla í netheimum. Þar á hver áfangi sitt svæði og að auki er þar *Marmarinn* sem allir fjarnemendur okkar hafa aðgang að. Marmarinn er nokkurs konar miðrymi skólans í netheimum og þar eru ýmsar upplýsingar fyrir fjarnemendur, auk þess sem fjarnemendur geta þar verið í samskiptum við aðra fjarnemendur og fjarnámsstjóra.


Þegar þú kemur inn í kennslukerfið, kemur fram þitt **heimasvæði**: Í miðjunni er aðalsvæðið og þar koma þínir áfangar fram: Marmarinn og áfanginn/áfangarnir sem þú valdir. Smelltu á áfanga og skoðaðu.



Til vinstri á heimasvæði þínu er **Stikla**, þú getur alltaf komist aftur á þitt heimasvæði með því að ýta þar á **Heim**. Smelltu á **Stjórnborð** og þá sérðu áfangana þína, ólesin innlegg í umræður og að auki óleyst verkefni ef einhver eru:




Skoðaðu því næst **Síður vefsins**, þar sérðu *Blogg*, *Tög* og *Dagatal*. Tög eru áhugamál notenda kennslukerfisins og þú getur skráð þín áhugamál ef þú vilt (sjá síðar). Dagatalið safnar saman dagsetningum allra áfanga þinna, svo sem skiladögum verkefna.




The screenshot shows the website interface for Verzlunarskóli Íslands. At the top, there is a dark blue header with the logo and text "VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS" and "Verzlunarskólinn". Below the header, there are navigation links for "Íslenska (is)" and "My courses". A secondary navigation bar shows "Heim" and "Stjórnborð". The main content area is divided into two panels. The left panel, titled "STIKLA", contains a navigation menu with items: "Heim", "Stjórnborð", "Síður vefsins" (highlighted with a red arrow), "Site blogs", "Site badges", "Tög", "Dagatal", "Mínir áfangar", "Marmarinn", and "LOL103". The right panel, titled "YFIRLIT ÁFANGA", shows a search bar for "Course content:" and two course cards. The first card is for "Marmarinn" with a message "Það eru ný innlegg í umræðunum". The second card is for "Líffæra- og lífeðlisfræði mannsins 103" with a similar message.

Í **Mínir áfangar** sérð þú áfangana sem þú ert í og þú kemst í þá með því að smella á þá:




This screenshot shows the same website interface as the previous one, but with a different focus. The "Mínir áfangar" item in the navigation menu is highlighted with a red arrow, indicating that it is the next step in the process.


Ef þú smellir á Stjórnborðið, þá birtist slá til hægri á síðunni. Þar eru nokkur mikilvæg atriði, til dæmis er þar hægt að breyta útliti forsiðunnar með því að smella á **Aðlaga þessa síðu**. Skoðaðu hvað hægt er að gera með því að smella þar:



Ef þú velur **Einkaskrár**, þá getur þú sótt skrár í tölvuna þína og vistað á þínu svæði í kennslukerfinu, enginn annar en þú hefur aðgang að því svæði. Þarna gætir þú t.d. vistað drög að verkefnum sem þú átt eftir að skila og ætlar að vinna með síðar. Þú vistar skrá á þessu svæði og/eða sækir skrár þangað með því að smella á **Sýsla með einkaskrár**:



Þú vistar skrá á þessu einkasvæði með því að draga hana að bláu píllunni og sleppa henni þar.



Þú getur einnig vistað skrá á þessu svæði með því að smella á þetta tákn:



Og þarna er líka hægt að búa til möppur með því að smella á þetta tákn:



Til hægri á síðunni birtist einnig **Dagatal**, **Viðburðir** og **Innskráðir notendur**:

CALENDAR

september 2016

| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau |
|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | |

Á NÆSTUNNI

Engir viðburðir á döfinni

Fara í dagatal...

Nýr viðburður...

INNSKRÁÐIR NOTENDUR


(síðustu 5 mínútur)

Með því að smella á nafnið þitt undir myndinni í hægra horninu efst, opnast felligluggi og þar er hægt að komast í **Stillingar**, **Dagatal**, **Skilaboð**, **Einkaskrár**, skoða **Innlegg í umræður**, **Umræður**, **Einkunnir** og síðan að skrá þig úr með því að smella á **Útskrá**:


Sigurlaug

- Sigurlaug Kristmannsdóttir
- Stillingar
- Calendar
- Skilaboð
- Einkaskrár
- Innlegg í umræður
- Umræður
- My grades
- Badges
- Útskrá
- Hjálp

Smelltu á **Stillingar**:



Þar opnast nýr felligluggi og þar getur þú lesið upplýsingar sem kerfið skráir um þig, breytt notendaskilgreiningum, breytt lykilorði, skoðað skilaboð og blogg. Byrjum á að skoða hvað opnast þegar þú smellir á Notandi. Þar getur þú meðal annars valið sjálfgefið tungumál:




Til dæmis er hægt að velja þar íslensku og rétt að taka það fram hér að um 80% af upplýsingum í Moodle hafa verið þýddar á íslensku:


Sjálfgefið tungumál

Sjálfgefið tungumál Íslenska (is)


Skoðum nánar hvað felst í **breyta notendaskilgreiningum**. Þar getur þú breytt því hvernig nafnið þitt er skráð í kerfinu, hvaða netfang er þar skráð og sett inn mynd af þér. Þú setur inn mynd með því að draga hana að bláu pílunni og sleppa henni þar:




Þarna getur þú líka sett inn áhugamál þín og mundu að þau birtast ásamt áhugamálum annarra sem nota kerfið þegar þú smellir á **Tög** í stiklunni til vinstri á síðunni:




Að lokum þarf svo að vista upplýsingar með því að smella á **Uppfæra notendaskilgreiningu**:



Með því að smella á nafnið þitt í hægra horninu efst, síðan á **Skilaboð**, getur þú sent öllum sem eru með þér í hópum skilaboð. Þar getur þú líka lesið skilaboð sem þér hafa verið send frá öðrum:



Veldu áfangann þinn og þá sérðu alla skráða einstaklinga í honum:



Smelltu síðan á nafn þess sem þú ætlar að senda skilaboð:



Og skrifaðu skilaboðin, mundu að smella á **Send** skilaboðin þegar þú ert hefur skrifað þau.

Gangi þér vel!